

Læsisstefna

Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

2016

Efnisyfirlit

1. Inngangur.....	3
2. Lestur	6
3. Félags- og samskiptalæsi	10
4. Umhverfislæsi	14
5. Stærðfræðilæsi	16
6. Menningarlæsi.....	19
7. Upplýsingalæsi.....	21

1. Inngangur

Læsisstefna Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar var unnin haustið 2015. Við undirbúning hennar skoðuðu starfsmenn skólans stefnumörkun frá öðrum skólum, ákvæði aðalnámskrár og stefnumörkun stjórnvalda. Þá fór fram greining á stöðu þessara mála í skólanum, hvað vel væri gert og hvað mætti betur fara. Flestir kennarar skólans komu að þessari stefnumörkun.

Læsi er einn af grunnþáttum menntunar og eitt helsta meginmarkmið skólastarfs. Samkvæmt aðalnámskrá (2011, 16–17) er meginmarkmið læsis að börn séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa, með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.

Með hugtakinu læsi er átt við þá færni að geta lesið og skilið ritað mál. Hugtakið getur einnig átt við þá færni að geta skrifað texta samkvæmt viðurkenndri stafsetningu, að vera læs og skrifandi.

Læsi í víðari skilningi felur í sér hæfni til að taka virkan þátt í lýðræðislegu samfélagi, sjálfum sér og samfélaginu til hagsbóta og framdráttar. Hugtakið vísar einnig til hæfninnar að skilja og nota ritmál tungunnar í samræmi við kröfur samfélagsins eða óskir einstaklings. Í því felst að börn geti tileinkað og nýtt sér ýmiss konar texta og lagt í hann merkingu. Læs einstaklingur hefur getu til að beita þekkingu og færni; til að greina, skilja, leysa og útskýra viðfangsefni ýmissa námsgreina og námssviða, skilmerkilega og við alls kyns aðstæður.

Starfsfólk Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar leggur mikla áherslu á að rækta læsi í víðum skilningi. Þá er m.a. átt við að börn geti frá upphafi skólagöngu notið lestrar bæði sér til gagns og gamans, geti nýtt sér margvíslega miðla í þekkingarleit og úrvinnslu, lesið úr myndritum á ýmsu formi, myndað sér skoðanir út frá lesnu efni og tjáð sig í ræðu og riti á fjölbreyttan hátt.

Markviss læsiskennsla hefst við upphaf leikskólagöngu þar sem lögð er áhersla á undirstöðufærni læsisþjálfunar og heldur áfram **alla skólagönguna í tengslum við allt skólastarf og allar námsgreinar/námspætti.**

Í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er stefnt að því:

- Að börn öðlist hæfni til að skynja og skilja umhverfi sitt á gagnrýnninn hátt og taka þátt í að móta það og skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þau lesa eða skynja með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á.
- Að eiga í virku samstarfi við heimilin um lestur og læsi.
- Að unnið sé með markvissum hætti á öllum stigum og sviðum að læsi í víðum skilningi.
- Að skólinn skapi lestrarhvetjandi umhverfi.
- Að gott samstarf, samfella og samþætting sé innan skóla og námsgreina/námssviða.
- Að skólinn hafi skýr markmið um árangur og viðbragðsáætlun fyrir þá sem ná þeim ekki.
- Að snemmtæk íhlutun eigi sér stað og gott aðgengi sé að sérfræðipjónustu.
- Að endurmenntun starfsfólks taki mið af mikilvægi þessa þáttar.
- Að hverjum og einum einstaklingi sé mætt miðað við þarfir, getu og áhuga.
- Að læsisstefnan sé endurskoðuð reglulega og fagteymi haldi utan um framkvæmd hennar.

Í Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar hefur læsi verið greint í eftirfarandi þætti:

- Lestur
- Félags- og samskiptalæsi

- Umhverfislæsi
- Stærðfræðilæsi
- Menningarlæsi
- Upplýsingalæsi

Hér verður gerð grein fyrir þeim markmiðum og leiðum sem falla undir hvern þátt.

2. Lestur

Í leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar er unnið með lestur, hlustun, talað mál og ritun á fjölbreyttan, merkingarbæran og áhugaverðan hátt. Einkum eru nýttar aðferðir byrjendalæsis og fyrirhugað er að innleiða aðferðina "Orð af orði".

Markvisst er stefnt að því að börn fái þjálfun í mismunandi lestraraðferðum. Fyrstu stig lestrarnáms felast einkum í því að kynnst því hvað texti er, að kanna rittákn og prófa sig áfram með stafi og orð. Eftir að formlegt lestrarnám hefst er fyrst í stað lögð áhersla á tæknilegu hliðina, börnin læra að umskrá stafi í hljóð. Síðan tekur við hljóðalestur þar sem börnin hljóða sig í gegnum orðin. Fljótlega er svo hægt að kynna fleiri lestraraðferðir til sögunnar, svo sem nákvæmnislestur, yfirlitslestur, leitarlestur og hraðlestur. Því næst læra börnin hvenær best er að beita hverri aðferð. Samhliða þessu er ætíð lögð áhersla á lestraránægjuna með því að kynna, ræða og æfa yndislestur ásamt því að kappkosta að bjóða alltaf upp á gott úrval lesefnis sem hæfir hverjum aldri.

Sífelld er unnið með hlustun og talað mál enda eflir það samskiptahæfni barna og eykur orðaforða þeirra. Þess má geta að góður orðaforði er ein helsta forsenda þess að byggja upp góðan lesskilning. Þessi vinna fer fram á mismunandi hátt eftir aldri og þroska barna. Fyrst í stað er unnið með hlustun og talað mál í gegnum samræður í daglegu lífi. Síðan bætast við umræður um ákveðin málefni sem verða flóknari eftir því sem börnin eldast. Framkoma og framsögn er m.a. þjálfuð í gegnum leikrit sem sett eru á svið, söng og upplestur ljóða og sagna.

Ritun hefst strax í leikskóla. Þar er hún sjálfsprottin en umhverfið er hvetjandi til lesturs og ritunar þar sem stafir hanga uppi á vegg og gott aðgengi er að kennurum sem svara spurningum og hvetja börnin áfram. Í grunnskóla heldur þróun ritunar áfram með fjölbreyttum ritunarverkefnum. Smám saman kynnst börnin fleiri tegundum texta og kröfur um framsetningu texta aukast. Reynt er að hafa ritunarverkefni sem áhugaverðust, að þau hafi skýran tilgang og að þau hafi alltaf lesanda.

Í **leikskólanum** er byggt á þeirri nálgun sem kennd er við Byrjendalæsi eða Leikskólalæsi og þróuð hefur verið við Háskólann á Akureyri. Lögð er áhersla á að vinna í gegnum daglegt starf, leik og sköpun með þá þætti sem taldir eru mikilvægir til þess að ná færni í lestri síðar meir.

Það er gert með því að:

- Efla hljóðkerfisvitund barna.
- Börn tjái sig með fjölbreyttum hætti og með ólíkum efniviði.
- Börn kynnist tungumálinu og möguleikum þess.
- Nýta daglegt starf til eflingar orðaforða og málörvunar.
- Börn fái tækifæri til og njóti þess að hlusta á og semja sögur, ljóð, þulur og ævintýri.
- Tryggja lestur á gæðatexta fyrir alla á hverjum degi.
- Auka lesskilning og orðaforða.
- Ræða við alla foreldra um mikilvægi lesturs fyrir börn.
- Hafa stíganda í lestri bóka milli skólastiga, t.d. með því að upplýsa grunnskólann um hvaða bækur eru lesnar í leikskólanum.
- Skapa lestrarhvetjandi umhverfi.
- Gera bækur aðgengilegar fyrir börn til að taka með heim, m.a. með því að hafa bækur í skiptibókahillu.
- Börn öðlist skilning á að ritað mál og tákni hafi merkingu.
- Börn þekki til táknerfis bók- og tölustafa og um stóran og lítinn staf.
- Hvetja börn að halda rétt um skriffæri miðað við aldur þeirra og þroska.
- Ýta undir þau börn sem byrja að skrifa stafi dragi rétt til stafs.
- Börn kynnist umskráningu, þ.e. að bókstafir hafa hljóð og að hljóð tengjast saman til að mynda ákveðin orð.

Á **yngsta stigi** grunnskólans er áfram byggt á samvirkri nálgun Byrjendalæsis og til

stendur að innleiða hugmynda-, kennslu- og aðferðafræðina „Orð af orði“ sem Guðmundur Engilbertsson, lektor við Háskólann á Akureyri hefur þróað. Lögð er áhersla á að viðfangsefni hæfi aldri, þroska og áhuga barna. Tryggja þarf kunnáttu í umskráningu stafa og hljóða ásamt því að þjálfra grundvallarfærni í lestri og ritun þannig að börn geti lesið einfalda texta sér til gagns og miðlað innihaldinu til annarra í gegnum ritun og annað tjáningarform.

Það er gert með því að:

- Efla hljóðkerfisvitund barna í gegnum markvissa málörvun.
- Auka orðaforða í gegnum samræður, umræður, hlustun og lestur.
- Hvetja til samvinnu og samræðna um verkefni.
- Kenna stafi, hljóð og umskráningu þeirra með markvissum hætti.
- Kenna ólíkar lestraraðferðir með markvissum hætti, s.s. hljóðlestur, nákvæmnislestur, yfirlitslestur, leitarlestur og hraðlestur.
- Efla lesskilning með fjölbreyttum hætti.
- Leita allra leiða til að vekja áhuga barna á lestri, t.d. með því að skapa lestrarhvetjandi umhverfi og bjóða upp á gott aðgengi að fjölbreyttum og áhugaverðum barnabókmenntum.
- Leggja áherslu á yndislestur.
- Eiga virkt samstarf við heimilin um heimalestur.
- Þjálfra rétt grip um skriffæri og áhersla lögð á að draga rétt til stafs.
- Þjálfra ritun ólíkra texta.
- Hvetja börn til þess að lesa sinn eigin texta fyrir sig sjálf og félagu sína.
- Gera vinnu barna sýnilega á veggjum skólans.
- Þjálfra framkomu og framsögn.

Á **miðstigi** er fyrirhugað að innleiða hugmynda-, kennslu- og aðferðafræðina „Orð af orði“ sem Guðmundur Engilbertsson, lektor við Háskólann á Akureyri hefur þróað. Þannig er stefnt að því að auka orðaforða barnanna. Þá fá þau áfram þjálfun í

mismunandi aðferðum við lestur. Samhliða er ritunarþátturinn þjálfaður og börn gerð fær um að skrifa ólíkar tegundir texta með eigin rithönd eða í gegnum ritvinnslu.

Það er gert með því að:

- Auka orðaforða í gegnum samræður, umræður, hlustun og lestur.
- Þjálfá ólíkar lestraraðferðir.
- Efla jákvætt viðhorf nemenda til lesturs.
- Vinna að því að skapa lestrarhvetjandi umhverfi.
- Skapa gott aðgengi að lesefni sem kveikir áhuga.
- Bjóða upp á yndislestur á skólatíma.
- Börn hafi gott aðgengi að og fái tíma á bókasafni með kennara.
- Vinna með fjölbreytt lesskilningsverkefni.
- Vinna með fjölbreytt ritunarverkefni.
- Vinna markvisst að því að efla gagnrýna hugsun í gegnum lesið efni.
- Mælast til þess að börn lesi reglulega heima.
- Eiga virkt samstarf við heimilin um lestur.
- Hvetja börn til þess að skrifa læsilega og snyrtilega.
- Þjálfá börn í framsögn.
- Taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni.

Á **unglingastigi** fá nemendur áfram kennslu og þjálfun í lestri svo þeir geti lesið fjölbreytta texta af öryggi og skilningi. Þeir fá þjálfun í að velja og beita mismunandi aðferðum við lestur og ritun ásamt því að þekkja ólíkar tegundir texta. Þá fá þeir þjálfun í að tjá hugmyndir sínar og skoðanir skipulega og rökrétt í rituðu og töluðu máli og nota orðaforða og málsnið sem hæfir textanum.

Það er gert með því að:

- Vinna markvisst að því að auka orðaforða.
- Þjálfá ólíkar lestraraðferðir með það að markmiði að börn geti valið þá aðferð sem hentar hverju sinni.

- Skapa gott aðgengi að lesefni sem kveikir áhuga á lestri.
- Þjóða upp á yndislestur á skólatíma.
- Dýpka lesskilning með krefjandi verkefnum.
- Þjálfna börn í að greina aðalatriði og aukaatriði í texta.
- Þjóða upp á fjölbreytt ritunarverkefni og efla þannig áhuga á ritun.
- Kenna uppsetningu mismunandi texta.
- Efla gagnrýna hugsun í gegnum lestur, umræður og ritun.
- Þjálfna læsilega og snyrtilega rithönd.
- Börn fái fjölbreytt tækifæri til þess að þjálfna framsögn sína.

3. Félags- og samskiptalæsi

Manneskjan er félagsvera og hafa flestir ríka þörf fyrir samskipti við aðra, spyrja spurninga, skiptast á skoðunum og ræða hugmyndir sínar, tilfinningar og líðan. Þó tungumálið sé helsta tjáningarform okkar, gerum við okkur skiljanleg með margvíslegum hætti, s.s. með hljóðum, snertingu og látbragði. Í gefandi og uppbyggilegum samskiptum eykst félagsfærni barna og sjálfsmynd þeirra styrkist.

Vissulega verður skólinn að tryggja að börn nái mjög góðum tókum á grundvallaratriðum eins og lestri, stærðfræði og vísindum en ekki er síður mikilvægt að búa yfir góðri félags- og samskiptafærni. Það mun verða eitt mikilvægasta viðfangsefni skólanna að kenna samkennd, samvinnu og að leysa vandamál á fjölbreyttan hátt í samstarfi við ólíka einstaklinga.

Eftirfarandi leiðir eru farnar til að vinna með félags- og samskiptalæsi á mismunandi stigum skólans.

Í leikskólanum er það er gert með því að:

- Leggja áherslu á að leikurinn sé í forgrunni og að honum sé gefinn nægur tími og rými til að þróast.
- Leggja áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti í barnahópnum.
- Börn fái tækifæri til að endurskapa upplifun sína og reynslu í leik og skapandi starfi.
- Þjálfar börn í að deila skoðunum sínum og hugmyndum.
- Þjálfar börn í að skiptast á.
- Þjálfar lýðræðisvinnubrögð.
- Leggja áherslu á tilfinningalæsi og þjálfun í tjáningu og framsögn.
- Leggja áherslu á þátttöku barna í daglegu starfi.
- Efla samkennd og hjálpsemi meðal barna.
- Tryggja að foreldrar fái upplýsingar um félags- og samskiptafærni barns síns og hvaða áhersluþætti þarf að vinna með.

Á yngsta stigi er það gert með því að:

- Leggja áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti.
- Vinna sérstaklega með félagsfærni.
- Vinna í fjölbreyttum hópum.
- Læra í gegnum leiki og spil.
- Þjálfar samskiptahæfni með samræðum, leiklist og sjálfstæðum verkefnum.
- Með því að hafa öflug samskipti á milli skóla og heimila með virkri upplýsingagjöf bæði nemenda og kennara.
- Leggja áherslu á sjálfsaga, sjálfsstjórn og uppbyggileg samskipti.
- Vinna að góðum bekkjaranda.
- Taka þátt í þróunaraðstoð eða hjálparstarfi árlega.

Á miðstigi er það gert með því að:

- Leggja áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti.
- Vinna að góðum bekkjaranda.
- Þjálfa samskiptahæfni með fjölbreyttum leiðum.
- Vinna markvisst með hópavinnu og samræður þvert á námsgreinar.
- Efla samkennd og hjálpsemi.
- Taka þátt í þróunaraðstoð eða hjálparstarfi árlega.
- Nota leiki í skólastarfi.
- Efla samskipti heimila og skóla, m.a. með reglulegum samskiptum nemenda og foreldra í tölvupósti.
- Hafa mannréttindi að leiðarljósi.
- Kynna Barnasáttmála SP.

Á unglingastigi er það gert með því að:

- Leggja áherslu á jákvæð og uppbyggileg samskipti.
- Vinna að góðum bekkjaranda.
- Vinna markvisst með hópavinnu og samræður þvert á námsgreinar.
- Efla samkennd og hjálpsemi.
- Taka þátt í þróunaraðstoð eða hjálparstarfi.
- Nota leiki í skólastarfi.
- Nemendur senda foreldrum bréf um stöðu sína í skólanum eftir hverja námslotu.
- Þjóða upp á virka lífsleiknikennslu.
- Vinna markvisst með gildi skólans.
- Þjálfa samræðu- og rökræðuhæfni, t.d. með því að ræða það sem er efst á baugi í samfélaginu hverju sinni.

4. Umhverfislæsi

Umhverfislæs einstaklingur áttar sig á samhengi mannglegra athafna og náttúru. Hann hefur skilning á umhverfi sínu og samfélagi og áttar sig á því hvernig náttúruleg- og vistfræðileg kerfi vinna saman og hafa áhrif hvert á annað. Umhverfisvitund er nátengd þessu hugtaki en í henni felst virðing og þekking á nánasta umhverfi.

Eftirfarandi leiðir eru farnar til að vinna með umhverfislæsi á mismunandi stigum skólans.

Í leikskólanum er það gert með því að:

- Taka þátt í Grænfanaverkefni.
- Fylgjast með veðrinu og skrá upplýsingar um það.
- Leggja áherslu á að allir hópar eigi sinn sælustað, „leyni“, í nágrenni leikskólans.
- Fara í gönguferðir.
- Vinna með grenndarnám.
- Kynna áttirnar fyrir börnunum og helstu örnefnum í nágrenni okkar.
- Flokka rusl.
- Þjálfja sjálfbærni, s.s. umgengni okkar við náttúruna, að börnin kynnist hringrás náttúrunnar.
- Gróðursetja og rækta plöntur og grænmeti.
- Leggja áherslu á umhverfisvernd og umhverfismennt í öllu starfi.
- Fara í sveitaheimsóknir og fræðast um bústörf.
- Fara í fjöruferð og fræðast um lífríki fjörunnar.
- Fara í skógarferð og fræðast um skóginn og plönturnar.
- Þekkjja til landakorts.
- Vinna að umferðarfræðslu.
- Læra að klæða sig eftir veðri.

Á yngsta stigi er það gert með því að:

- Taka þátt í Grænánaverkefni.
- Flokka rusl.
- Skoða náttúruna í útinámi.
- Skoða nærumhverfið.
- Skoða og læra að nota landakort.
- Ræða um sjálfbærni og mikilvægi þess að fara vel með náttúruna.
- Rækta og borða grænmeti.
- Vinna að umferðarfræðslu.
- Læra að klæða sig eftir veðri.
- Hafa samfellu í náttúru- og samfélagsfræði.

Á miðstigi er það gert með því að:

- Taka þátt í Grænánaverkefni.
- Vinna að umferðarfræðslu.
- Gefa börnum tækifæri til að læra um plöntur og dýr í sínu nærumhverfi.
- Vinna með nærumhverfið, t.a.m. örnefni og áhugaverða staði.
- Fara í vettvangs- og gönguferðir í nærumhverfi skólans.
- Flokka rusl.
- Vinna með landakort.
- Gróðursetja tré, kartöflur og annað grænmeti.
- Leggja áherslu á sjálfbærni - átta sig á okkar þætti í stærra samhengi.

Á unglingastigi er það gert með því að:

- Taka þátt í Grænfánaverkefni.
- Vinna með nærumhverfið, t.a.m. örnefni og áhugaverða staði.
- Fara í vettvangs- og gönguferðir út í náttúruna í nærumhverfi skólans.
- Flokka rusl.
- Vinna að umferðarfræðslu.
- Vinna með landakort.
- Gróðursetja tré, kartöflur og annað grænmeti.
- Bjóða upp á fjölbreytta útikennslu.
- Leggja áherslu á sjálfbærni.

5. Stærðfræðilæsi

Stærðfræðilæsi vísar til hæfninnar að lesa úr tölulegum upplýsingum, þekkingar á aðferðafræði og þeim reglum og lögmálum sem finna má í stærðfræði. Stærðfræðilæsi einstaklingur býr yfir góðum stærðfræðilegum orðaforða, getur tengt ólíkar aðferðir saman og er fljótur að átta sig á samhengi hlutanna. Hann nýtir stærðfræði til að finna, skapa, tjá og útskýra hvers kyns regluleika, lögmál, kerfi og mynstur.

Eftirfarandi leiðir eru farnar til að vinna með stærðfræðilæsi á mismunandi stigum skólans:

Í leikskólanum er það gert með því að:

- Leggja áherslu á að efla talnaskilning barna.
- Vekja athygli barna á mynstrum, flokkum, formum, runum, lögun og einföldum mælingum.
- Vinna með einfaldar reikningsaðferðir.
- Vinna að talnaskilningi í gegnum daglegt starf og nýta til þess aðferðarfræði *Numicon* og *Leiks að læra*.
- Fara í stærðfræði í gegnum leik s.s. með einföldum spilum og regluleikjum.

Á yngsta stigi er það gert með því að:

- Vinna með viðfangsefni daglegs lífs.
- Vinna samvinnu- og umræðuverkefni.
- Efla skilning á stærðfræði með hlutbundinni vinnu.
- Nota hugtök og ræða merkingu þeirra.
- Leggja mikla áherslu á grunnaðgerðir stærðfræðinnar.
- Kenna stærðfræði á fjölbreyttan máta.
- Vinna markvisst með stærðfræði í útinámi.
- Nota spil og fara í leiki.
- Hafa stærðfræði reglulega í útinámi.
- Nýta *Leikur að læra* í náminu.
- Læra á klukku.
- Þjálfra hæfni til að leggja raunhæft mat á tölulegar upplýsingar.

Á miðstiginu er það gert með því að:

- Vinna með raunveruleikatengd verkefni.
- Vinna markvisst með stærðfræði í útinámi.
- Leggja áherslu á að allir nemendur kunni margföldunartöfluna.
- Ræða saman í þörum og hópum um stærðfræðileg viðfangsefni.
- Vinna með stærðfræðihugtök á markvissan hátt.
- Nýta kennslumyndir. Leyfa nemendum að búa til myndbönd um stærðfræði.
- Þjálfra hæfni til að leggja raunhæft mat á tölulegar upplýsingar.

Á unglingastigi er það gert með því að:

- Vinna með stærðfræðihugtök á markvissan hátt.
- Nýta kennslumyndbönd.
- Nýta fjölbreytta miðla.
- Ræða um stærðfræði.
- Nýta samræður í þörum og hópum um stærðfræðileg viðfangsefni.
- Vinna með og ræða um myndrit og töflur.
- Þjálfra hæfni til að leggja raunhæft mat á tölulegar upplýsingar.

6. Menningarlæsi

Í menningarlæsi felst skilningur á því samfélagi sem einstaklingurinn býr í, á mismunandi menningarsamfélögum, sögu þeirra og þróun. Fræðsla um sjálfbærni, jafnrétti og lýðræði er stór hluti af menningarfræðslu í skólanum og mikilvægt að allir geri sér grein fyrir tengslum einstaklings og samfélags, eigin ábyrgð, þátttöku og mögulegum áhrifum.

Áhersla er lögð á virkni og samvinnu innan skólans og utan, við þau fyrirtæki og stofnanir sem koma með beinum eða óbeinum hætti að skólastarfinu.

Eftirfarandi leiðir eru farnar til að vinna að menningarlæsi á mismunandi stigum skólans.

Í leikskólanum er það gert með því að:

- Leggja áherslu á íslenska menningu.
- Taka þátt í menningarviðburðum og dögum sem eru hluti af íslenskri hefð og dögum sem tengjast okkar hugmynda- og aðferðafræði, t.d. Degi umhverfisins, Degi íslenskrar náttúru og Degi íslenskrar tungu.
- Vinna með ólík listform, t.d. sögur, þulur, ævintýri, bækur, söngva og dans.
- Halda sýningar á vinnu barnanna.
- Opna skólann fyrir foreldrum / fjölskyldum.
- Vinna með fjölmenningu eftir því sem tækifæri gefast til.

Á yngsta stigi er það gert með því að:

- Kenna list- og verkgreinar, m.a. dans og leiklist.
- Vinna með þjóðsögur, ævintýri og fjölbreyttar bókmenntir.
- Læra um ólíka menningu í gegnum ýmis verkefni.

- Búa til leikþætti, leika okkur með kyrrmyndir og fleira í gegnum spjaldtölvur.
- Leggja áherslu á fjölmenningu og nýta það að í skólanum eru börn sem koma frá ólíkum löndum.
- Fara á söfn og í leikhús.
- Ræða um og vinna með mismunandi samskipti og hegðun miðað við aðstæður.

Á miðstigi er það gert með því að;

- Leggja áherslu á almenna þátttöku nemenda í viðburðum skólans.
- Vinna með þjóðsögur, ævintýri og fjölbreyttar bókmenntir.
- Fara á söfn og í leikhús.
- Fræðast um íslenskt samfélag fyrr á öldum.
- Kynnast ólíkum menningarheimum.
- Hafa viðfangsefni verklegra greina sýnileg í skólanum.
- Ræða um og vinna með mismunandi samskipti og hegðun miðað við aðstæður.

Á unglíngastigi er það gert með því að:

- Hafa tónlist í tungumálanámi.
- Fjalla um málsvæði í ensku.
- Fræðast um þróun menningar.
- Ræða fréttir líðandi stundar og nýta tækifæri til að kafa dýpra í menningarleg viðfangsefni, s.s. flóttamenn, samkynhneigð og fleira.
- Ræða um og vinna með mismunandi samskipti og hegðun miðað við aðstæður.
- Leggja áherslu á jafnrétti, lýðræði og sjálfbærni á markvissan hátt.

7. Upplýsingalæsi

Upplýsingalæsi er kjarni upplýsingamenntar. Leggja ber ríka áherslu á sjálfstæði í upplýsingaöflun. Upplýsingalæsi einstaklingur er sá sem veit hvenær upplýsinga er þörf og hefur yfir að ráða færni til að finna þær, meta gildi þeirra og hagnýta þær. Mikilvægt er að þjálfa upplýsingaöflun úr bókum, af tölvunetum, myndefni og hljóðrituðu efni og öðrum þeim miðlum sem til greina koma. Samhliða því er áhersla á að kenna nemendum að meta upplýsingar, vinna úr þeim á skipulegan hátt og setja niðurstöður fram með hverjum þeim miðli sem hentar viðfangsefninu best.

Eftirfarandi leiðir eru farnar til að vinna með upplýsingalæsi á mismunandi stigum skólans:

Í leikskólanum er það gert með því að:

- Leggja áherslu á að hjálpa börnum að lesa úr því sem fyrir augu ber.
- Vinna eftir sýnilegu / myndrænu dagskipulagi.
- Vinna með veðurupplýsingar.
- Kenna börnum hvað skilti og skilaboð í umhverfi leikskólans þýða og/eða standa fyrir.
- Afla upplýsinga í gegnum bækur, netið og með því að spyrja aðra.
- Kynna börnunum fyrir landakorti og hvernig þau eru lesin.
- Vinna með aðferðafræði könnunaraðferðarinnar þar sem áhersla er á að bæta við núverandi þekkingu og að tæknin sé nýtt til að koma upplýsingum á framfæri.
- Fara á bókasafn.

Á yngsta stigi er það gert með því að:

- Hafa skipulagða bókasafnsfræðslu.

- Hafa skipulegan aðgang að fræðibókum um ýmis efni, m.a. í tengslum við Byrjendalæsi.
- Fjalla um fréttir, velja eitthvað sem hentar aldrinum.
- Leita að upplýsingum á netinu.
- Þjálfaga gagnrýna hugsun.
- Kenna nemendum að velja upplýsingar og umorða upplýsingar til þess að setja fram.

Á miðstigi er það gert með því að:

- Þjálfaga nemendur í upplýsingaleit.
- Þjálfaga nemendur í að nýta upplýsingar sem aflað er.
- Fræða nemendur um ábyrga netnotkun.
- Þjálfaga gagnrýna hugsun.
- Nota mismunandi miðla við gagnaöflun.
- Nota mismunandi leiðir við verkefnaskil í gegnum námskerfi.
- Kenna nemendum að gera verkefni sín sýnileg öðrum á mismunandi hátt.
- Hafa „Fréttalesara vikunnar“. Nemendur skiptast á að fjalla um frétt sem þeir hafa lesið og skilið og endursegja fyrir bekkinn.

Á unglingastigi er það gert með því að:

- Ræða um fréttir líðandi stundar.
- Nýta kennslukvikmyndir í kennslu.
- Nota mismunandi námskerfi, t.d. Moodle, Mentor, Showbie.
- Nota spjaldtölvur.
- Þjálfaga upplýsingaleit á netinu.
- Nýta samfélagsmiðla.
- Vinna með gagnvirk verkefni og próf.
- Nota auglýsingar sem útgangspunkt í umræðum.

- Notað fréttaefni í tengslum við tungumálanám. Hafa „fréttatíma“ með reglulegu millibili, t.d. einu sinni á önn. Fréttaskýringar.